

# Ársskýrsla

Starfsárið 2019

Lögð fram á ársfundi, 9. júní 2020



Starfsendurhæfing Vestfjarða

## Efnisyfirlit;

Inngangur .....	3
Um SEV .....	3
Stjórn.....	4
Hlutverk SEV.....	4
Markmið SEV .....	5
Fjármögnun.....	5
Samstarfsaðilar.....	6
Þátttakendur .....	7
Tilvísanir .....	7
Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda .....	8
Staða þátttakenda eftir endurhæfingu .....	9
Endurhæfingin.....	10
Norðursvæði.....	10
Suðurfirðir og Strandir .....	11
Þekkingaröflun og samstarf .....	12
Þróun starfseminnar .....	13
Lokaorð .....	14

## Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða (SEV) starfsárið 2019. Farið verður yfir fjölda og samsetningu þátttakenda í endurhæfingu, innihald endurhæfingarinnar og árangur. Einnig verður fjallað um aukið úrræðaframboð, þróun starfseminnar, samstarf og þekkingaröflun og þau verkefni sem framundan eru á komandi ári.

## Um SEV

SEV er sjálfseignarstofnun sem var stofnuð 25. september 2008 að frumkvæði Lífeyrissjóðs Vestfirðinga. Stofnaðilar SEV eru:

- Ísafjarðarbær
- Bolungavíkurkaupstaður
- Súðavíkurreppur
- Vesturbyggð
- Tálknafjarðarhreppur
- Reykhólahreppur
- Strandabyggð
- Kaldrananeshreppur
- Fjórðungssamband Vestfirðinga
- Vinnumálastofnun á Vestfjörðum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands (Þá Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík)
- Háskólasetur Vestfjarða
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Fjölmeningasetur
- Gildi lífeyrissjóður (Þá Lífeyrissjóður Vestfirðinga)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Félag Járniðnaðarmanna
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Starfsemi SEV fer fram að Suðurgötu 9 á Ísafirði, í húsnæði sem kallað hefur verið Vinnuver, en auk SEV eru þar einnig til húsa Vesturafl og Fjölsmiðjan. Auk þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem þátttakendur SEV geta nýtt sér í húsnæði SEV, sækja þeir einnig þjónustu til ýmissa fagaðila á svæðinu og fer sú þjónusta fram hjá viðkomandi þjónustuaðilum.

Forstöðumaður SEV er Harpa Lind Kristjánsdóttir, iðjuþjálfari, en í byrjun árs 2019 var Petra Hólmgrímsdóttir ráðin til starfa hjá SEV í hlutastarf. Er Petra annar starfsmaðurinn sem ráðinn er til starfa hjá SEV frá upphafi.

## Stjórn

Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára í senn, tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Stjórn SEV er skipuð eftirtöldum:

- Sigurveig Gunnarsdóttir, formaður, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.
- Arnheiður Jónsdóttir, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi Vinnumálastofnunar.
- Hrefna R Magnúsdóttir, fulltrúi Fjölmeningarseturs.
- Ólafur Baldursson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

Varamenn í stjórn eru:

- Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga.
- Finnbogi Sveinbjörnsson, fulltrúi Verkalýðsfélags Vestfirðinga.
- Sigurborg Þorkelsdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Sædis Jónatansdóttir, fulltrúi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- Þóra Marý Arnórsdóttir, Fulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Árið 2019 voru haldnir sjö stjórnarfundir.

## Hlutverk SEV

Hlutverk SEV er að veita starfsendurhæfingu þeim einstaklingum sem hafa þurft að hætta störfum vegna veikinda, slysa, félagslegra erfiðleika eða af öðrum ástæðum og vilja vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn.

Þátttakendur eru einstaklingar með örorkumat / endurhæfingarlífeyri, framfærslu frá sveitafélagi, á atvinnuleysisbótum eða ungt fólk án atvinnusögu og menntunar.

## Markmið SEV

Markmið SEV eru;

- Að þátttakendur komist í vinnu eða nám sem styrkja mun stöðu þeirra gagnvart vinnumarkaði.
- Að lífsgæði þátttakenda aukist.
- Að lífsgæði fjölskyldna þátttakenda aukist.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

SEV býður upp á heildstæða, einstaklingsmiðaða og þverfaglega starfsendurhæfingu þar sem tekið er á vanda hvers þátttakanda í samvinnu við Virk starfsendurhæfingarsjóð, félags- og heilbrigðismálayfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir, annað fagfólk og úrræðaaðila og fjölmarga vinnustaði á svæðinu. Lögð er áhersla á að þátttakendur beri sjálfir ábyrgð á eigin endurhæfingu og þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar frá upphafi endurhæfingar.

Í endurhæfingunni er lögð áhersla á einstaklingsbundin úrræði sem miðast að því, að efla fólk til sjálfshjálpar eftir þörfum hvers og eins, meðal annars með sálfræðipjónustu, sjúkráþjálfun, líkamspjálfun, næringarráðgjöf, menntun og fræðslu, fjármálaráðgjöf, o.fl.. Þannig er unnið að því að styrkja stöðu þátttakenda gagnvart vinnumarkaðinum. Þátttakendum er einnig gefinn möguleiki á því að prófa getu sína til vinnu í vinnuþrófun, starfsþjálfun eða á almennum vinnumarkaði, ýmist samhliða endurhæfingu eða sem lokaskrefið í endurhæfingarferlinu og þannig studdir til að komast aftur út á vinnumarkaðinn á hraða sem þeir ráða við og hentar hverjum og einum.

## Fjármögnun

Í byrjun árs 2019 var undirritaður nýr þjónustusamningur milli SEV og Virk starfsendurhæfingarsjóðs og gildir hann til loka ársins 2020. Eins og undanfarin ár er SEV nú nær eingöngu rekin fyrir fjármagn frá Virk. Annarsvegar er um að ræða mánaðalegt fast framlag og hins vegar greiðslur fyrir endurhæfingu hvers og eins þátttakanda. Á síðustu árum hefur SEV í auknu mæli að boðið upp á stök úrræði, sem

Virk hefur nýtt fyrir þá einstaklinga sem ekki eru taldir þurfa einstaklingsmiðaða þverfaglega endurhæfingu. Ráðgjafar Virk halda því utanum endurhæfingu þessara einstaklinga og kaupa eins og fyrir segir stök námskeið og úrræði hjá SEV. Öðrum aðilum s.s Vinnumálastofnun og sveitafélögum hefur verið boðið að nýta þessi stöku úrræði fyrir sína skjólstæðinga, en var sá möguleiki ekkert nýttur árið 2019.

## **Samstarfsaðilar**

Eins og undanfarin ár þá hafa helstu samstarfsaðilar SEV verið Vesturafli, Sjúkraþjálfun Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Endurhæfingardeildin á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur, Henný Þrastardóttir og Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, ráðgjafar VIRK, Salome Elín Ingólfssdóttir næringarfræðingur, Katrín Sif Þór sálfræðingur, Helena Jónsdóttir sálfræðingur, Guðrún Soffía Gísladóttir sálfræðingur auk fleira fagfólks sem komið hefur að meðferð, ráðgjöf eða kennslu hjá SEV. Einnig hefur ávalt verið góð samvinna við félagsþjónustur Ísafjarðar, Vesturbyggðar og Bolungarvíkur.

Starfsmenn SEV eru einnig í miklu samstarfi við ráðgjafa Virk, en þeim fjölgaði á síðasta ári í tvo, en auk Hennýjar sem tók til starfa árið 2018, hóf Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir störf í byrjun árs 2019. Samstarfið við þær hefur verið mjög gott.

Margir af þátttakendum SEV nýttu sér námskeið og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á síðasta ári, eins og jafnan hefur verið í gegnum tíðina og er ómetanlegt að geta á þann hátt uppfyllt betur þarfir hvers og eins þátttakanda fyrir fræðslu og sjálfseflingu af ýmsu tagi. Sjúkraþjálfarar í Sjúkraþjálfun Vestfjarða sáu áfram um sjúkraþjálfun og hreyfingarhluta starfsendurhæfingarinnar, auk þess að sjá um fræðslu um mikilvægi hreyfingar og áhrif hennar á líkama og sál. Á síðasta ári störfuðu fjórir sjúkraþjálfarar hjá Sjúkraþjálfun Vestfjarða, þau Ólafur Halldórsson, Atli Þór Jakobsson, Fanney Pálsdóttir og Alvaro Cunado Gonzalez. Salóme Elín Ingólfssdóttir, hefur einnig starfað innan veggja Sjúkraþjálfunar Vestfjarða og hefur komið að umsjón hóptíma í líkamsrækt í samvinnu við sjúkraþjálfarana. Einhverjir þátttakendur sóttu einnig sjúkraþjálfun og hreyfingu á endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á síðasta ári og samvinna við sjúkraþjálfarana þar er ávalt mjög góð.

Samvinna við Vesturafl var sem fyrr mjög góð og sáu starfsmenn Vesturafls áfram um vikulega vinnustofu fyrir þátttakendur SEV. Starfsmenn Vesturafls voru árið 2019 þær Harpa Guðmundsdóttir, iðjuþjálfí, Sigríður Magnúsdóttir, Rána Campbell og Guðbjörg Sveinfríður Sveinbjörnsdóttir.

Sú samvinna sem hófst milli Vesturafls, Fjölsmiðju og SEV við flutning í Vinnuver, húsnæðið að Suðurgötu 9, í byrjun árs 2017 hefur gengið mjög vel. Tekist hefur að byggja upp samfélag valdeflingar, bata og gagnkvæmrar virðingar allra notenda hússins, þar sem allir eru velkomnir hvort sem þeir koma í endurhæfingu, til að vinna eða til að vera og hitta annað fólk. Allar stofnanir bjóða upp á virkni og/eða úrræði sem gagnast geta einstaklingum sem vinna að því að bæta líðan sína og heilsu og stefna að aukinni virkni og stór hluti þeirra stefnir á þátttöku á vinnumarkaði. Þátttakendur SEV hafa í auknu mæli nýtt sér húsið utan skipulagðrar dagskrár, t.d. sem aðstöðu til náms, samveru og skrafs og ráðagerða bæði við starfsfólk og aðra þátttakendur.

Aðgengi að sálfræðiþjónustu hefur aukist til mikilla muna og varð sú breyting á síðasta ári að tveir sálfræðingar hafa boðið fram þjónustu sína í Vinnuveri, þær Helena Jónsdóttir og Guðrún Soffía Gísladóttir. Katrín Þór sálfræðingur hefur áfram þjónustað þátttakendur í fjarmedferð og hafa því möguleikar á sálfræðiráðgjöf aldrei verið meiri á norðanverðum Vestfjörðum. Auður Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur og Harpa Guðmundsdóttir iðjuþjálfí komu einnig að hóptímum og fræðslu bæði fyrir unga og eldri þátttakendur SEV. Salome Elín Ingólfssdóttir veitti næringarráðgjöf og námskeið um heilsueflingu.

Auk ofanefndra komu margir aðrir aðilar að starfsemi SEV við kennslu, þjálfun, ráðgjöf og fleira.

## **Þátttakendur**

### **Tilvísanir**

Á árinu 2019 bárust 60 tilvísanir frá VIRK vegna 31 einstaklings í heildstæð úrræði eða eftirfylgni. Þar af voru 51 tilvísanir í einstaklingsmiðaða þverfaglega endurhæfingu, 2 í mat á stöðu og 7 í eftirfylgni. Fimmtán einstaklingar voru að hefja endurhæfing hjá SEV í fyrsta skipti í einstaklingsmiðaðri þverfagleglegri


endurhæfingu eða mati á stöðu, 11 byrjuðu fyrri hluta árs og 4 seinni hluta ársins. Þetta er um fjórðungs fækkun frá árinu áður þegar 20 einstaklingar hófu endurhæfingu. Lengd tilvísananna var frá einum og upp í sex mánuði, en meðallengd tilvísana í einstaklingsmiðaða þverfaglega endurhæfingu og mat á stöðu voru 4,3 mánuðir, sem er svipað og árið áður. Meðallengd eftirfylgni var 2,8 mánuðir.

Ellefu tilvísanir bárust í styttri úrræði eða stök námskeið vegna sjö einstaklinga, en þá er ekki um að ræða heildræna endurhæfingu og starfsmenn SEV sjá þá ekki um utanumhald endurhæfingar þessara einstaklinga. Þetta vor HAM námskeið, líkamsræktarhópur, Draumar og drekar, Fjármálanámskeið, Náttúrutengd endurhæfing og námskeiðið „Áföll - hvað svo?“. Einn þátttakandi var á sunnanverðum Vestfjörðum á síðasta ári. SEV hefur einnig haft umsjón með vinnusamningum einstaklinga sem lokið hafa endurhæfingu og voru þeir vinnusamningur gerðir eða endurnýjaðir á síðasta ári.

### Kynjaskipting, aldur og menntun þátttakenda


Af þeim 15 þátttakendum sem hófu heildræna starfsendurhæfingu árið 2019 voru ellefu konur eða 73% og fjórir karlar, eða 27% þátttakenda (mynd 1). Það heldur því áfram að halla á hlutfall karla, en árið 2019 voru 35% þátttakenda karlar og 2018 var hlutfallið komið upp í 44%. Tveir þriðju þátttakenda höfðu enga formlega menntun umfram grunnskóla

Mynd 1.



v i ð u p p h a f

Mynd 2.



endurhæfingar og er það örlítið hærra hlutfall en árið á undan. Tveir höfðu lokið stúdentsprófi, einn háskólanámi, einn iðnnámi og einn námi á framhaldsskólastigi (mynd 2). Meðalaldur allra þátttakenda sem stunduðu heildræna endurhæfingu í SEV árið 2019 var 32 ár og hefur meðalaldurinn aldrei verið lægri. Aldur þátttakenda spannaði frá 19 og upp í 53 ára og voru 9 þátttakendur 24 ára eða



ýngri og hélt því áfram sú þróun sem byrjaði um mitt ár 2018 þegar skyndilega varð mikil aukning í fjölda ungs fólks í starfsendurhæfingu.


### Staða þátttakenda eftir endurhæfingu

Í lok árs 2019 höfðu í allt 181 þátttakendur hafið endurhæfingu hjá SEV frá upphafi. Af þeim höfðu 113 einstaklingar lokið endurhæfingu, 19 hafa flutt, 26 hætt, þrír farið í fæðingarorlof og tveir látist áður en endurhæfingu lauk og 18 voru ennþá í virkri endurhæfingu við árslok.

Af þeim sem lokið hafa endurhæfingu, hafa 40 einstaklingar komist í fulla vinnu að endurhæfingu lokinni og komist af opinberri framfærslu eða 35%. Tuttugu einstaklingar eða 18% hafa komist í hlutastarf að endurhæfingu lokinni, en fá greiddar örorkubætur frá TR á móti, vegna skertrar starfsgetu. Sex hafa farið í nám, þar af 3 í háskólanám og 6 hafa útskrifast í atvinnuleit, tilbúnir að fara í vinnu (sjá mynd 3).

Um 38% þeirra einstaklinga sem fá greidda örorku að starfsendurhæfingu lokinni voru með örorkumat áður en þeir hófu starfsendurhæfingu hjá SEV, en vildu freista þess að komast inn á vinnumarkaðinn aftur. Um fimmtungi þessara einstaklinga tókst að auka starfsgetu sína þannig að þeir voru að endurhæfingu lokinni komnir í hlutastarf, allt frá 20% og allt upp í 80% starfshlutfall, sem skiptir miklu máli fyrir

Mynd 4




lífsgæði þeirra og heilsu.

Þrjátíu og átta einstaklingar hafa þurft að sækja um örorku eftir að hafa lokið starfsendurhæfingu hjá SEV, þar af stunduðu 13 þeirra hlutastörf í 30 - 60% starfshlutfalli við lok endurhæfingar.

Árið 2019 luku 10 einstaklingar fullri endurhæfingu hjá SEV og komust 4 þeirra í fulla vinnu, 3 í hlutastarf, en þurftu að sækja um örorku á móti, einn fór í nám, einn í atvinnuleit

Mynd 3



og einn einstaklingur náði ekki starfsgetu og fór á örorkubætur (mynd 4).

## **Endurhæfingin**

Nær allir þátttakendur SEV koma frá VIRK og hafa farið í gegnum matsferli þar sem metið er hver staða einstaklinganna er og hvaða þjónustu þeir hafa þörf fyrir. Við upphaf starfsendurhæfingar hjá SEV er þó alltaf farið yfir stöðu þátttakenda og gerð einstaklingsmiðuð áætlun með hverjum einstaklingi fyrir sig, þar sem markmiðið er að veita þjónustu og stuðning sem tekur mið af þörfum þátttakenda og unnið er með þá þætti sem hindra atvinnuþátttöku.

Í þjónustusamningi milli SEV og VIRK, hefur VIRK skilgreint tvær tegundir úrræða. Annars vegar „Mat á stöðu einstaklinga“, sem er stutt úrræði, 1 - 2 mánuðir, sem hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa starfsendurhæfingu. Þátttaka einstaklings í þessu úrræði telst fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku. Hins vegar er um að ræða úrræði sem kallast „Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing“. Hér þurfa þátttakendur að taka þátt í formlegri endurhæfingu sem nemur að lágmarki 15 - 20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúrræði. Einnig er möguleiki á að veita eftirfylgni í stuttan tíma eftir að formlegri endurhæfingu lýkur. Auk þessara heildrænu úrræða hefur SEV boðið upp á kaup á stökum úrræðum fyrir einstaklinga sem eru ekki í heildrænum úrræðum hjá SEV. Stöku úrræðin hafa þó ekki verið mikið nýtt, þó reynt hafi verið að auka fjölbreytin og framboð.

## **Norðursvæði**

Eftir nokkur fámenn ár, varð þónokkur fjölgun þátttakenda árið 2018 og fyrrihluta árisins 2019. Síðari hluta 2019 varð hins vegar mikil fækkun aftur, þrátt fyrir fjölgun í starfsendurhæfingu á landsvísu á árinu. Heildarfjöldi þátttakenda var á bilinu 16 - 24 og eru því töluverðar sveiflur í fjölda, sem er mikil áskorun varðandi skipulag starfseminnar og því að halda uppi fjölbreytni í framboði úrræða. Þó tókst að halda úti nokkuð fjölbreyttri dagskrá þar sem reynt var að koma til móts við þarfir allra þátttakenda. Auk fastra liða sem eru hóptímar, vinnustofa, líkamræktartímar og náttúrutímar, var boðið upp á fjölbreytt námskeið. Á vorönninni var

kvikmyndasmiðja, hugleiðslunámskeið, jóganámskeið, HAM námskeið og námskeið um undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Á haustönn voru námskeiðin „Áföll- hvað svo?“, Heilsuefling, Draumar og drekar, Fjármálanámskeið og Markþjálfunarnámskeið. Nánast alltaf eru laus pláss í úrræði og námskeið sem haldin eru á vegum SEV og væri því hagkvæmara ef að fleiri gætu nýtt sér þau, auk þess sem stærri hópar myndu skapa líflegra og meira gefandi hópastarf fyrir þátttakendur.

Endurhæfingin var sem fyrr miðuð að þörfum og getu hvers einstaklings og gat auk ofanefndra dagskrárliða SEV m.a. innihaldið starfsþjálfun/vinnuþrófun, nám eða námskeið utan SEV, sundleikfimi, jóga og fleira sem talið er geta eftt og styrkt einstaklinginn andlega og/eða líkamlega. Eins og áður stóð sjúkraþjálfun, sálfræðiráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, næringarráðgjöf, fjármálaráðgjöf og önnur einstaklingsmiðuðu þjónusta öllum til boða sem höfðu þörf fyrir hana. Hreyfing og regluleg stuðningsviðtöl eru hins vegar fastur liður í endurhæfingaráætlun allra þátttakenda SEV. Mikil vinna fer í að halda utanum endurhæfingu og mætingu þátttakenda, en mætingin er einmitt sá þáttur sem fólk í starfsendurhæfingu á oft erfitt með og er gjarnan birtingamynd þess vanda sem fólk á við að stríða. Því er sú hvatning og stuðningur sem fólk fær í starfsendurhæfingunni bæði frá fagfólkinu en einnig frá öðrum þátttakendum ómetanlegur. Dagskrá alla eða flesta virka daga vikunnar hjálpar fólki einnig að skapa reglu og rútinu í daglegt líf sem getur haft veruleg áhrif á andlega líðan fólks og skipt sköpum í bataferlinu. Góðar aðstæður eru fyrir félagslegt samneyti þátttakenda í SEV og hafa þeir í auknu mæli nýtt sér að koma utan skipulagðrar dagskrár. Einnig hafa þátttaendur sem stunda nám sem hluta af endurhæfingunni nýtt sér námsaðstöðu SEV til heimanáms.

### **Suðurfirðir og Strandir**

SEV var eins og áður með þjónustusamning við Vesturbyggð og hefur starfsmaður félagsþjónustunnar þar, Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, séð um ut anumhald endurhæfingar þátttakenda á suðursvæði Vestfjarða. Mikill kostur er að hafa tengilið á svæðinu, sem heldur vel utan um endurhæfingu þátttakenda, hittir þá reglulega og þekkir vel til þeirra möguleika sem til staðar eru á svæðinu. Auk reglulegra stuðningsviðtala hafa úrræði sem fyrir eru á stöðunum verið vel nýtt, s.s. þjónusta

sjúkraþjálfara, líkamsræktarsalur og sundlaug og Eyrarsel. Einnig hafa þátttakendur stundað ýmiskonar fjarnám, auk þess sem gott samstarf hefur verið við vinnuveitendur á svæðinu um vinnuprófanir á vinnustöðum og samstarf hefur verið við sálfræðinga sem veita fjarþjónustu. Engin beiðni kom til SEV um þjónustu á Suðurfjörðunum árið 2019, en einn þátttakandi kláraði enduræfingu um mitt árið og hafði þá útskrifast úr námi sem hann hafði stundað í endurhæfingunni og komist í vinnu.

Enn hefur engin formleg starfsemi farið af stað á vegum SEV á Ströndum eða Reykhólum þar sem engin tilvísun hefur enn borist um þjónustu þar.

## **Þekkingaröflun og samstarf**

Eins og undanfarin ár tók forstöðumaður SEV þátt í samstarfi starfsendurhæfingarstöðvanna sem starfræktar eru víðsvegar um landið. Forstöðumenn stöðvanna héldu reglulega fjarfundi og hittust á tveggja daga fundi á Akureyri í september. Þangað kom einni annað starfsfólk stöðvanna og tók þátt í fræðsludagskrá sem skipulögð höfðu verið. Eftir stofnun Byrs - samtaka starfsendurhæfingarstöðva, hafa samtökin tekið við mörgum þeirra mála sem forstöðumenn unnu áður að í sameiningu. Við gerð þjónustusamnings við Virk í byrjun árs 2019 náðist sá stóri áfangi að einn samhljóða samningur var gerður við allar stöðvarnar sem ekki er lengur trúnaðarmál. Það gerir stöðvunum kleift að vinna sameiginlega að ýmsum málum varðandi þróun og gæðamál. Það var ekki mögulegt meðan ekki mátti ræða þann samning sem stöðvarnar höfðu hver fyrir sig við Virk og mótuðu starfið að miklu leyti. Áfram er þó viðauki við samninginn um verð og greiðslur sem áfram er trúnaðarmál. Þar sem allar þær sjö starfsendurhæfingarstöðvar sem standa að Byr, eru frekar litlar rekstrareiningar, er samstarfið þeirra á milli og á vettvangi Byrs gríðalega mikilvægt og hefur sparað mikla vinnu að geta deilt reynslu og þekkingu. Forstöðumaður SEV var valinn til stjórnarsetu í samtökunum við stofnun þeirra vorið 2018, en gekk úr stjórn á aðalfundi í september 2019, þar sem skipulagsskrá samtakanna gerir ráð fyrir að stjórnarsæti færist á milli forstöðumanna. Haustið 2019 fóru báðir starfsmenn SEV á grunnnámskeið í markþjálfun sem boðið var upp á í Fræðslumiðstöð Vestfjarða, en kennt af Profectus. Markþjálfanámið er góð

viðbót við þá menntun og þekkingu sem starfsmenn hafa fyrir og hafa þeir í framhaldinu tækifæri til þess að ná sér í alþjóðlega vottun, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

## **Þróun starfseminnar**

Allt árið 2019 vann forstöðumaður að rannsóknarverkefni sem er liður í þróun náttúrutengds endurhæfingarúrræðis innan SEV. Stór hluti rannsóknarinnar voru svokallaðir “náttúrutímar”, sem þátttakendum SEV var boðið að taka þátt í. Í tímumum var farið út á valda staði úti í náttúrunni eða stunduð náttúrutengd iðja, ýmist inni eða úti. Niðurstöður rannsóknarinnar verða að öllum líkindum birtar um mitt ár 2020 og mun úrræðið í framhaldi af því halda áfram sem eitt af fóstum liðum í starfsemi SEV. Í tengslum við úrvinnslu gagna og skrif meistararitgerðar var forstöðumaður SEV í námsleyfi að hluta síðustu tvo mánuði ársins.

Um mitt árið 2018 fór fram endurskipulagning á starfsemi SEV í kjölfar alvarlegra athugasemda frá Virk, eftir heimsókn fulltrúa þeirra á stöðina. Stjórn SEV og forstöðumaður voru ekki alskostar sammála réttmæti allra þeirra athugasemda sem gerðar voru og mótmæltu strax stórum hluta þeirra á fundi með fulltrúum Virk. Í byrjun árs 2019 var svo hluti athugasemdanna dreginn til baka og SEV beðið afsökunar. SEV nýtti hins vegar tækifærið til að breyta og bæta á margvíslegan hátt. Tvær heimsóknir voru frá Virk á síðasta ári og m.a. kom framkvæmdastjóri Virk við annan mann í heimsókn í byrjun árs og í júní kom fjögurra manna sendinefnd sem gerði úttekt á starfi SEV. Kom sú úttekt vel út, en minniháttar athugasemdir voru gerðar við gæðakerfi og upplýsingar á heimasíðu sem brugðist hefur verið við.

Í byrjun sumars fór forstöðumaður á kynningu á tölvukerfi sem hannað er til þess að halda utanum endurhæfingu einstaklinga á starfsenduræfingarstöðvum. Kerfið heitir Manager og er hannað af Easy Advanced Systems í samvinnu við Janus starfsendurhæfingu. Hafði SEV prufuaðgang að kerfinu í nokkra mánuði seinni hluta 2019 og samþykkti stjórn SEV að kaupa aðgang að kerfinu árið 2020 og yrðu þá metnir kostir þess fyrir starfsemi SEV. Kerfið býður upp á margskonar möguleika á skráningu upplýsinga og utanumhald um dagskrá og mætingu þátttakenda sem mun

geta auðveldað alla skráningu og úrvinnslu upplýsinga, þegar það verður komið í fulla notkun.

Það stóra framfaraskref var tekið í byrjun ársins að ráða Petru Hólmgrímsdóttur í hlutastarf við hlið forstöðumanns. Var það mikið gæfuspor og hefur haft ótal kosti í för með sér. Meiri stöðugleiki hefur skapast í starfseminni, auk þess sem reynsla og þekking Petru er ómetanleg og hefur aukið bæði fjölbreytni og gæði þjónustunnar.

## **Lokaorð**

Eftir mikið breytingatímabil árin á undan, náðist ákveðinn stöðugleiki í starfseminni á árinu 2019. Haldið var úti fjölbreyttri og metnaðarfullri dagskrá sem þátttakendur voru ánægðir með. Fjölgun starfsmanna gefur tækifæri til frekari þróunar starfseminnar og aukinn kraft til þess að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Áfram verður lagður metnaður í að skapa góða, gagnreynda endurhæfingarþjónustu á Vestfjörðum, til hagsbóta þeim íbúum sem fá að nýta þjónustuna.

Harpa Lind Kristjánsdóttir

Forstöðumaður SEV